

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Syðra-Langholt 6, L223470.

Deiliskipulagið felur í sér skilgreiningu byggingarheimilda innan lóðar Syðra-Langholts 6. Innan skilmála skipulagsins er m.a. gert ráð fyrir heimildum fyrir bílskúr, starfsmannahúsi, hesthúsi og reiðskemmu, þjónustuhúsi, vélaskemmu og 5 gistihúsum.

Samþykkt í sveitarstjórn 10. desember 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 27. janúar 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.